

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 30. janúar 2020
UST202001-087/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. janúar sl. þar sem stofnunin ítrekaði fyrri beiðni sína og óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 2. september 2019. Þann 22. janúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins gildi til 1. júlí 2018 og undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti gildi til 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er því rekinn án starfsleyfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Þernunesi í ferli og hefur nú þegar verið auglýst. Gert er ráð fyrir því að úr þessu fráviki verði bætt í síðasta lagi í byrjun febrúar 2020.**
2. 5. lið I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna efna sem fjúka. Frágangur þekjulags er ekki fullnægjandi, af því hefur hlotist fok úrgangsefna og kvartanir borist. Frágangur úrgangs og urðunarreina í Auratúni og Mýrdal eru ekki ásættanlegar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður farið yfir verklag við frágang á úrgangi og urðunarreinum með verktaka og tryggt að verklag verði eins gott og það skal vera. Fokhætta verður lágörkuð.**
3. 6. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang má eingöngu urða óvirkan úrgang og á urðunarstað fyrir almennan úrgang má urða allan annan úrgang en spilliefni. Ekki er heimilt að urða spilliefni á urðunarstaðnum. Rafgeymir í urðunarrein telst spilliefni, sbr. I. viðauka við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður farið yfir málið með verktaka og tryggt að þetta komi ekki fyrir aftur. Verða rafgeymar jafnframt fjarlægðir og gerðar frekari ráðstafanir þannig að úrbætur sjáist á þekjulagi fyrir 1. mars 2020.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands